

Sauðárkróki 18. nóvember 2002.

Umsögn sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar um:

128. löggjafarþing 2002–2003.
Þskj. 15 — 15. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Flm.: Margrét Frímansdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,

Lúðvík Bergvinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller.

1. gr.

Á eftir 104. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo ásamt fyrirsögn:
Íbúáþing.

Sveitarstjórn skal að jafnaði einu sinni á hverju kjörtímabili standa fyrir íbúáþingi. Á þinginu skal sveitarstjórn leitast við hlusta eftir skoðunum íbúa sveitarfélagsins og leita samráðs við þá um forgangsröðun verkefna í tengslum við gerð langtímaframkvæmda- og fjárhagsáætlun. Tryggt skal að að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónar miðum sínum á framfæri.

Sveitarstjórn skal að loknu íbúáþingi gera grein fyrir framkomnum tillögum, skoðunum og skoðanaskiptum á þinginu og áformum sveitarstjórnar um eftirfylgni. Þetta verði gert á opnum fundi og/eða með því að birta skýrslu um niðurstöðurnar.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd íbúáþings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við frumvarpið – almennt.

- ✓ Ég fagna auknum áhuga á að formfesta samráð sveitarstjórna við íbúa sveitarfélaga. Spurning hvort ekki ætti að skylda sveitarstjórnir til að hafa íbúáþing innan 12 mánaða frá kosningum.
- ✓ Málsgreinin "Tryggt skal að að allir þátttakendur eigi jafna möguleika á að koma sjónar miðum sínum á framfæri." þarfnast nánari útskýringa. Á sveitarfélagið t.d. að sjá um fólksflutninga á íbúáþingið?

Athugasemdir við greinargerðina – almennt.

- ✓ Það er fyrst og fremst notkun á hugtökunum íbúalýðræði og þáttökulýðræði sem er athugasemdarvert. Hugtökin fyrirfinnast ekki í núverandi Sveitarstjórnarlögum og í greinargerðinni er verið að útpynna lýðræðishugtakið. Í frumvarpinu er verið að tala um samráðsvettvang framkvæmdavaldsins í sveitarfélaginu og íbúanna. Einnig er s k fulltrúalýðræði notað á Íslandi og óþarfi að "hræra" mörgum "lýðræðum" saman.
- ✓ Tekið er undir það sjónarmið að fá fram hjá almenningi þekkingu og sjónarmið svo flest mál fái sína eðlilegu umfjöllun.
- ✓ Rétt er að binda tímasetningu íbúafings við fyrri hluta kjörtímabils m.a. með hliðsjón af þriggja ára áætlunum og fjárhagsáætlunum almennt.

Virðingarfyllst,

Ársæll Guðmundsson, sveitarstjóri